

Dagskrá vetrarins 2014-2015

Opið hús verður haldið 2. laugardag í hverjum mánuði kl. 10:00-12:00
Staðsetning verður auglýst á heimasíðu FÁT, <http://www.treskurdur.muna.is>
Vinnustund verður haldin síðasta fimmtudag í hverjum mánuði kl. 20:00-22:00
Vinnustund verður haldin að Hólshrauni 5 eins og verið hefur. (hjá Sigurjóni)

	29. janúar - vinnustund
14. febrúar – aðalfundur	26. febrúar - vinnustund
14. mars – opið hús	26. mars - vinnustund
11. apríl – vorsýning	apríl – frí


Dagsskráin getur breyst en þá verður sett tilkynning á heimasíðu FÁT
Allar ábendingar um kynningu á efni fyrir opið hús eru vel þegnar.

Tilkynning:

Fyrirhugað er að Ítallinn Giuseppe Rumerio komi til Íslands í september næst
komandi og haldi námskeið í tréútskurði. Áhugasamir eru hvattir til að kynna sér
málið en námskeiðið er bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Látið er mjög vel
af námskeiðum hjá honum.

Giuseppe Rumerio <http://www.wood-sculptor.info/> in Iceland

Við gerum ráð fyrir frekari upplýsingum í næsta Brýni.



Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð

Netfang: stefan1976@simnet.is
Heimasíða: treskurdur.muna.is
Ritstjórn er stjórn félagsins

Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
1. tbl. 20. árgangur 2015

Frá formanni

Sæl öll og gleðilegt nýtt ár.

Ég vona að allir hafi haft það sem best yfir hátíðarnar, og að sjálfsögðu notað
tímann vel í jólafríinu og skorið mikið út svona milli mála.

Nú er senn fyrsta starfsári nýrrar stjórnar að ljúka, og við erum að komast upp á
lagið með þetta og munum að sjálfsögðu gera okkar besta áfram.

Árið er búið að vera vel heppnað og hefðbundin dagskrá hefur gengið sinn
vanagang, sýningin okkar heppnaðist vel þar sem heiðurssýnandinn okkar var
engin önnur en Sigga á Grund þökkum henni kærlega fyrir að gefa sér tíma fyrir
okkur og sýna einstök verk. Vinnustundirnar og Opnu húsin voru einnig á sínum
stað. Muggi í Handverkshúsinu kom og sýndi okkur brýnslu í október, sú vísa er
víst aldrei of oft kveðin, var það mjög gaman enda um einn mjög hressan að
ræða og þökkum við Mugga kærlega fyrir sitt framtak. Annar ansi hress félagi
okkar Jóna Adolf Steinólfsson tók á móti okkur í opnu húsi í nóvember, og var
mjög gaman að fylgjast með hvað Jón hefur verið að gera, hann hefur fengist
mikið við höggmyndir í stein og lagt land undir fót og tekið þátt í
tréskurðarmótum erlendis, og þegar við heimsóttum hann var hann nýkomin frá
Kína, sem var víst ótrúlegt ævintýri.

Næsta starfsár er senn að byrja og við byrjum strax, ekki eftir neinu að býða og
mun Anna Lilja myndskurðarmeistari tók á móti okkur á opnu húsi 10. januar að
Dalshrauni 12. Var virkilega gaman að sjá það sem áhugafólk er að gera þar í
sínum vinnustofum. Það er alltaf fróðlegt og eitthvað nýtt sem maður sér og
lærir.

Stefnt er að því að halda aðalfund 14. Febrúar, dagskrá verður venjuleg
aðalfundarstörf. Lagt hafa verið til lítilsháttar lagabreytingar sem verður kosið
um.

Sigurjón og Anna Lilja hafa ákveðið að hvíla sig frá stjórnarstörfum enda hafa þau starfað við félagið í mörg ár og vil ég sérstaklega þakka þeim kærlega fyrir þeirra störf og hafa þau einnig verið ómetanleg hjálp í að koma nýrri stjórn af stað, og vil ég í framhaldi auglýsa eftir tveimur hressum sem hafa áhuga á því að starfa með okkur í stjórn, það þarf ekki annað en að mæta á aðalfund og gefa kost á sér.

Vorsýningin verður að sjálfsögðu á sínum stað í apríl og vil ég hvetja sem flesta til að koma með muni og sýna með okkur.

Þakka vil ég meðstjórnendum mínum fyrir starfsárið sem er nýliðið og ég hlakka til áframhaldandi starfa, og vinna að því að halda okkar frábæra félagi sem öflugustu. Tréskurðurinn hefur verið á uppleið undanfarin ár, og mun ég gera allt sem í mínu valdi stendur svo sú þróun haldi áfram.

Félagar í tréskurði verum dugleg með járnin og gleðilegt nýtt tréskurðar ár.

Stefán Haukur Erlingsson.

Aðalfundur Félags áhugamanna um tréskurð

Aðalfundur FÁT verður haldinn laugardaginn 14. Febrúar 2015
Fundurinn verður haldinn í húsnæði Heimilisiðnaðarfélagsins
Nethyl 2e í Reykjavík

Venjuleg aðalfundarstörf

Tillögur um lagabreytingar, (5. grein og 6. grein)

Félagsmenn eru hvattir til að mæta

Stjórn FÁT

Hér er vísa sem við fengum senda og langar að deila með ykkur:

Tálgað hef ég innan úr mér

allt sem máli skiptir.

Einkum það sem anda lyftir.

Eftir standa eyðimerkur

yfirgefins huga.

En það verður víst að duga.

Tekið af bagglutur.is



Frá Opnu húsi:

Nóvember:



Janúar:

Það var mjög svo fróðlegt og gaman á síðasta opna húsi, Anna Lilja Myndskurðarmeistari og félagar tóku á moti okkur að Dalshrauni 12 milli kl 10 og 12. Anna Lilja leigir þarna aðstöðu ásamt 11 rennismiðum og aðstaðan er ævintýri líkust þau hafa smíðað bása fyrir hvern og einn og þetta eins og að ganga inn í lítið þorp þarna er bæði rent, smíðað og skorið út og sjálfsagt þjóðmálin leyst yfir kaffibolla þess á milli. Hvet alla sem hafa tök á að koma og sjá aðstöðuna hjá þeim að skella sér þetta er svo sannarlega þess virði, ég naut þess alla vega og lærði heilmikið þakka ég þeim kærlega fyrir að taka á móti okkur.

